

Nr. 002 / 15 Brynjólfur VE 3***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 1752
IMO nr. 8303410
Smíðaður: Akranesi 1987 stál
Stærð: 299 brl. 531,5 bt.
Mesta lengd: 41,98 m Skráð lengd: 39,8 m
Breidd: 8,1 m Dýpt: 6,25 m
Vél: Berger Diesel 728 kW 1987
Fjöldi skipverja: 12



Brynjólfur ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 15. júní 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 7. janúar 2015 var Brynjólfur VE 3 á togveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: SA 15-18 m/s, veltingur og þungur sjór.

Skipverjar voru að láta trollið fara og var einn þeirra að draga til sín byssukrókinn eftir að lengjan hafði verið hífið út. Við þetta féll hann aftur fyrir sig og lenti með rófubeinið á kjarna á trommlu fyrir pokagils. Við skoðun á Ísafirði kom í ljós að slasaði hafði rófubeinsbrotnað.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði var með spottann frá byssukrók í hendinni þegar áfall gekk yfir skipið en hann náði ekki taki á lunningunni þegar byssukrökurinn losnaði og datt afturábak.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.